

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Reykjavík 11. apríl 2016  
UST201604-046/B.S.  
10.05.08

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Laxárvirkjun III - breyting á inntaki. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 5. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í framkvæmdinni felst að breytingar verða gerðar á inntaki virkjunarinnar og hluta stíflumannvirkis. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta ísflextingar um stífluna og gera setgryfjur ofan inntaksmannvirkis sem ætlað er að fanga grjót og möl sem berst með ánni bæði sem auburður og með ís. Fyrirhugað er að dæla þessum steinefnum niður í næsta lón í farvegi árinnar, en þessi efni hafa til þessa borist að vélum virkjunarinnar. Samfara þessari framkvæmd verður ráðist í hreinsun aðrennslisganga Laxárvirkjunar III. Ef kostur er verður efni sem þar fellur til nýtt í aðkomuvegi eða stíflur. Þetta efni verður síðan flutt í opna malarnámu til geymslu. Lagðir verða vinnuvegir að framkvæmdasvæðum. Gerð verður bráðabirgðastífla um eyju ofan stíflu sem að hluta er manngerð. Þessi mannvirki verða fjarlægð að framkvæmdum loknum. Ráðgert er að hækka núverandi stíflu


Vatnsborð árinnar mun ekki hækka þar sem yfirfall verður óbreytt. Árbökkum hefur þegar verið raskað við fyrir framkvæmdir. Gengið verður frá bökkum og þeir græddir upp að nýju. Helstu breytinga á farvegi verður vegna dýpkunar við inntak. Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á lífríki árinnar. Að álti Veiðimálastofnunar gæti verið til bóta fyrir lífríki árinnar neðan Laxárvirkjana að dæla grjóti og möl áfram niður í farveginn, en slíkir efnisflutningar gætu skapað ný búsvæði á botni árinnar.

Hér er um framkvæmd að ræða sem er að lang mestu leyti á svæði sem þegar hefur verið raskað við fyrri framkvæmdir. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á hæð vatnsborðs Laxár ofan stíflu. Umframefni verður fjarlægt og því komið fyrir í námu við Presthóla. Gerða verða ríkar kröfur um meðferð mengandi efna við fyrirhugaða framkvæmd.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Eins og fram kemur í greinargerð þarf að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar sbr. lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri